

Starfslýsing - forst.m. bókasafns

Starf

Forstöðumaður bókasafns

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

100 %

Tilgangur og markmið starfs

Tryggja að þróun safnkosts og þjónusta sé í samræmi við nám og kennslu í skólanum

Stuðla að sjálfstæði og færni nemenda við upplýsingaleit. Þróa safnið í takt við stefnu skólans í samvinnu við kennara og stjórnendur

Hvetja til lestrar og auka áhuga nemenda á lestri

Helstu verkefni

- Kennsla í upplýsinga- og heimildaleit í tengslum við verkefni nemenda í samvinnu við kennara
- Uppbygging og viðhald safngagna
- Almenn afgreiðsla, útlán og rukkun á safnkosti
- Árveknipjónusta
- Annast millisafnalán
- Safnkynningar
- Skráning og umsjón með safnkosti
- Umsjón með lessal / bókasafni
- Taka saman ársskýrslu um safnið
- Fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða
- Samstarf við bókasafns- og upplýsingafræðinga annarra skóla

Ábyrgð

- Yfirstjórn safnsins
- Stefnumótun í málefnum safnsins
- Ábyrgð og eftirlit með búnaði safnsins og tækjum

Starfslýsing - forst.m. bókasafns

Menntun, reynsla og hæfni

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Skráningarréttindi í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna
- Góð tölvukunnátta, íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar
- Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Forstöðumanni bókasafns er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en forstöðumaður bókasafns stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Forstöðumanni bókasafns er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.